

Hótel Flókalundur
Soffía Haraldsdóttir
Vatnsfirði
451 Patreksfjörður

Umhverfisstofnun
Áb. _____
07. feb. 2014
9.5.3
Tilv. _____



Reykjavík, 6. febrúar 2014
Tilvísun: UST20140100097/há

Beiðni um leyfi til stækkunar Hótel Flókalundar í Vatnsfirði Vesturbyggð.

Umhverfisstofnun vísar í erindi staðarhaldara Hótel Flókalundar – Penna ehf dags 10. janúar sl. þar sem óskað er samþykkis stofnunarinnar á áætlun um stækkun Hótel Flókalundar í Vatnsfirði.

Með erindinu frá staðarhaldara Hótel Flókalundar fylgir grunnmynd og afstöðumynd með framkvæmdarlýsingu af fyrirhugaðri stækkun hótelsins.

Náttúruminjar

Vatnsfjörður er friðland sbr. auglýsingu nr. 96/1975 í Stjórnartíðindum B. Um friðlandið gilda m.a. eftirfarandi reglur:

„Mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.“

Lýsing framkvæmdar

Samkvæmt erindi staðarhaldara Hótel Flókalundar er ætlunin að stækka hótelið vegna aukinnar kröfu um stærri og fleiri herbergi og aukinnar sölu á veitingum. Samkvæmt erindi er áætlað að lengja gistiálmuna um 14 metra til vesturs og koma þar fyrir 6 tveggja manna herbergjum með baði, sérgerðum fyrir hreyfihamlaða. Einnig að stækka matsal og anddyrir hótelsins og bæta starfsmannaaðstöðu og endurgera aðkomu að hótelinu með tilliti til aðgengi fyrir hreyfihamlaða.

Áhrifamat

Samkvæmt samtali við staðarhaldara Hótel Flókalundar er 30 þúsund lítra steipt þriggja hólfa rotþró þar sem þriðja hólfið er minna og notað sem yfirfall. Rotþró er staðsett neðan þjóðveggar við hótelið. Frá rotþrónni liggur 120 m langt járnör út í sjó en að sögn staðarhaldara nær rörið ekki út fyrir stórstraumsfjöru sökum landfræðilegra aðstæðna. Staðarhaldari segir að rotþró sé tæmd einu sinn á ári af viðurkendum rekstraraðila.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Vestfjarðar kemur fram að lagfæra þurfi frárennsli frá rotþró. Ef ekki sé hægt að koma við siturlögn þurfi að skoða möguleika á að byggja upp malarpúða til að koma fyrir siturlögn, eða lengja lögn út í stórstraumsfjöru.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að farið verði eftir reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Í 2. tl. 9. gr. reglugerðarinnar segir að veita skuli öllu skólpi annað hvort minnst 5 m niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórstraumsmörkum. Í 7. tl. sömu greinar er ákvæði um að ef reynist ómögulegt vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði 2. tl. sé heimilt að leggja til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi. Stofnunin bendir á að á heimasíðu Umhverfisstofnunar (www.ust.is) eru leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir. Þar kemur meðal annars fram að þegar ekki verður komið við notkun siturlagnar skal notkun annara lausna háð skriflegu samþykki heilbrigðisfulltrúa.

Umhverfisstofnun bendir á að með stækkun Hótels Flókalundar má gera ráð fyrir auknum fjölda gesta sem leiðir af sér meira frárennsli frá hóteli og aukna notkunar á hreinsiefnum. Umhverfisstofnun hvetur því rekstraraðila til að nota umhverfsvottuð hreinsiefni eins og kostur er og leitast við að draga úr úrgangi og auka flokkun.

Niðurstöður


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum og stækkun Hótels Flókalundar í friðlandinu í Vatnsfirði með eftirfarandi skilyrðum:

- Að umrædd stækkun falli vel að umhverfinu og taki mið af þeim byggingum sem fyrir eru.
- Að öllu raski við framkvæmdirnar verði haldið í algeru lámarki.
- Að úrbætur á frárennsli frá hóteli verði gerð í samráði og með samþykki viðkomandi heilbrigðisnefndar.
- Að stofnuninni verði tilkynnt þegar fráveituf framkvæmdir hefjast.
- Að vandað verði við frágang eftir að framkvæmdum líkur.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum á svæðinu. Eftirliti verður eftir fremsta megni hagað samhliða við eftirliti landvarðar á svæðinu. Stofnunin innheimtir gjald fyrir eftirlit sem þörf kann að vera á umfram það, samkvæmt gjaldskrá sem nemur 11.200 kr. fyrir sérfræðing á hverja klukkustund fyrir verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum. Nánara fyrirkomulag og umfang eftirlits verður ákveðið með hliðsjón af tímasetningu og nánari útlistun framkvæmda og aðkomu annarra eftirlitsaðila.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri



Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur